

3. gr.

2. mgr. 76. gr. orðist svo:

Þó er tollyfirvöldum heimilt að ákveða sekt fyrir ólöglegan innflutning, ef brot er skýlaust sannað og ætla má, að brot varði ekki hærrí sekt en kr. 80 000, enda játtist sökunautur undir þá ákvörðun og greiði sektina þegar í stað. Við slíka sektarákvörðun skal greina í bókun, skýrt og stutt, brot það, sem um er að tefla, refsí-ákvæði, sem það varðar við, og ítrekunarverkun á síðari brot, ef því er að skipta. Nú hefur skýlaust sannað brot einnig upptöku eignar í för með sér, og getur toll-yfirvald undir því skilorði, er nú var sagt, ákveðið eignaupptöku, enda fari verð-mæti eigi fram úr kr. 150 000.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.

FJÁRAUKALÖG

fyrir árið 1973.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með sam-þykki mínu:

	Til viðbótar við gjöld 2. gr. fjárlaga 1973 er veitt:	Þús. kr.
00	Æðsta stjórn ríkisins að undanskildu Alþingi	10 047
01	Forsætisráðuneytið	53 781
02	Menntamálaráðuneytið	218 461
03	Útanríkisráðuneytið	29 232
04	Landbúnaðarráðuneytið	278 330
05	Sjávarútvegsráðuneytið	194 594
06	Dóms- og kirkjumálaráðuneytið	323 946
07	Félagsmálaráðuneytið	69 419
08	Heilbrigðis- og tryggingamálaráðuneytið	808 528
09	Fjármálaráðuneytið	371 297
10	Samgönguráðuneytið	725 814
11	Iðnaðarráðuneytið	87 902
12	Viðskiptaráðuneytið	459 519
14	Ríkisendurskoðun	3 595

Samtals 3 634 464

Gjört í Reykjavík 31. maí 1976.

Kristján Eldjárn.

(L. S.)

Matthías Á. Mathiesen.